

Dómsorð:

Varnaraðili, A, skal teljast faðir að barni því, sem sóknaraðili, B, ól 1. júní 1960. Skal varnaraðili greiða meðlag með barninu, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1960, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Málssóknarlaun til skipaðra talsmanna sóknaraðilja ákveðast kr. 1.500.00 til Loga Einarssonar hdl. og kr. 2.000.00 til Egils Sigurgeirssonar hrl.

Varnaraðili greiði kr. 3.600.00 í málskostnað, er renni til ríkissjóðs.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. júní 1963.

Nr. 170/1962. **Steinunn Sveinsdóttir**

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

Skúla Sveinssyni (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Ágústu Ágústsdóttur, Guðmundi Ágústssyni og Péttri Snæland (enginn).

og

Skúli Sveinsson (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Steinunni Sveinsdóttur

(Ólafur Þorgrímsson hrl.),

Ágústu Ágústsdóttur, Guðmundi Ágústssyni og Péttri Snæland (enginn).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Lárus Jóhannesson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyólfsson og prófessor Theodór B. Lindal

Erfðir. Ættleiðing. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, Steinunn Sveinsdóttir, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1962. Gerir hún þessar kröfur:

Aðalkröfur: A. Að ættleiðingin frá 18. apríl 1925 verði metin gild og hún talin eiga lögerfðarétt eftir kjörforeldra sína, hjónin Svein M. Hjartarson og Steinunni Sigurðardóttur.

B. Að erfðaskrá greindra kjörforeldra hennar frá 25. maí 1923 verði aðeins metin gild um $\frac{1}{4}$ hluta eigna þeirra, sem skipt verði milli bréferfingja, eins og erfðaskráin segir til um.

Varakröfur: A. Að um erfðir á búshelmingi Sveins M. Hjartarsonar fari eftir ákvæðum fyrrgreindrar erfðaskár.

B. Að hún verði ein talin erfingi að $\frac{3}{4}$ hlutum búshelmings Steinunnar Sigurðardóttur, en að $\frac{1}{4}$ hluta greinds búshelmings verði skipt eftir ákvæðum erfðaskrárinnar.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda, Skúla Sveinssonar, í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Skúli Sveinsson, hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. desember 1962. Eru kröfur hans þessar:

Aðalkröfur: A. Að við skipti á dánar- og félagsbúi hjónanna Sveins M. Hjartarsonar og Steinunnar Sigurðardóttur verði viðurkenndur lögerfðaréttur hans eftir föður sinn, Svein, þannig að $\frac{3}{4}$ hlutum af búshelmingi Sveins verði skipt að jöfnu milli hans og aðaláfrýjanda, Steinunnar Sveinsdóttur, og að gild verði metin erfðaskrá nefndra hjóna frá 25. maí 1923, að því er tekur til ráðstöfunar á $\frac{1}{4}$ hluta af búshelmingi Sveins.

B. Að umrædd erfðaskrá verði metin gild við skipti á búshelmingi Steinunnar Sigurðardóttur, að því er varðar ráðstöfun á $\frac{1}{4}$ hluta búshelmingsins.

Varakrafa: Að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, að undanteknu málskostnaðarákvæði hans.

Prautavarakröfur: A. Að greind erfðaskrá verði metin gild, að því er tekur til ráðstöfunar Sveins M. Hjartarsonar á búshelmingi sínum.

B. Að erfðaskráin verði einnig metin gild, að því er tekur til ráðstöfunar á $\frac{1}{4}$ hluta búshelmings Steinunnar Sigurðardóttur.

Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í héraði og

fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, ef einhver af framangreindum kröfum hans verður tekin til greina.

Hin stefndu, Ágústa Ágústsdóttir, Guðmundur Ágústsson og Pétur Snæland, lýstu yfir því í héraði, að þau mundu ekki láta málið til sín taka. Þau hafa ekki komið fyrir Hæstarétt og enginn af þeirra hendi, þó að þeim hafi verið löglega stefnt. Verður málið dæmt, að því er þau varðar, eftir framlögðum skilríkjum.

Lögð hafa verið fram ný skjöl í Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er málavöxtum lýst, og er þar m. a. tekin upp í heild erfðaskrá sú, sem í málinu greinir, og svo þau atriði ættleiðingarbréfsins, sem máli skipta.

Í ættleiðingarbréfinu, dags. 18. apríl 1925, er réttur hjónanna Sveins og Steinunnar til að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá látinn haldast óskertur, þrátt fyrir ættleiðinguna, og var það heimilt að lögum þeim, sem þá giltu, sbr. konungsúrskurði 13. desember 1815 og 23. desember 1864. Verður þetta ákvæði ættleiðingarbréfsins ekki skýrt svo þröngt, að það taki aðeins til síðari erfðaráðstafana. Er þá athugunarefni, hvort í ættleiðingargerningnum felist afturköllun á ákvæðum erfðaskrárinnar að öllu eða einhverju leyti. Þegar ættleiðingin fór fram, voru liðin tæplega tvö ár, frá því að erfðaskráin var gerð. Samkvæmt erfðaskránni skyldu arf taka að jöfnu eftir lát beggja hjónanna fjögur systrabörn Steinunnar Sigurðardóttur, sem öll voru í fóstri á heimili hjónanna, og svo gagnáfrýjandi, Skúli, sem Sveinn M. Hjartarson hafði eignast árið 1905, áður en hann gekk í hjónaband, og viðurkennt faðerni að. Var Skúli öðru hvoru á heimili hjónanna frá þriggja ára aldri, en fluttist alfarinn til þeirra um tvítugsaldur. Steinunni Sveinsdóttur tóku hjónin í fóstur, er hún var á öðru ári, en þá höfðu þau verið í hjónabandi um sex ára skeið, án þess að verða lifserfingja auðið. Hin fósturbörnin, Ágústu, Guðmund og Pétur, tóku þau nokkrum árum síðar, og er því lýst, að tilefni þess hafi verið erfiður fjárhagur framfærenda barnanna. Voru fósturbörn þessi þá enn á barnsaldri. Ekkert bendir til þess, að hugarfar hjón-

anna til Skúla og fósturbarnanna Ágústu, Guðmundar og Péturs hafi breyzt börnunum í óhag á árunum 1923—1925 né heldur síðar. Þrátt fyrir ættleiðinguna var erfðaskráin alla tíð varðveitt í sama umslagi og ættleiðingarbréfið. Erfðaskráin geymdi ýmis ákvæði, sbr. sérstaklega 5. og 6. gr. hennar, sem ætla má, að hjónin hefðu viljað kveða á um í nýjum gerningi, ef þau hefðu haft í huga að fella erfðaskrána úr gildi að meira eða minna leyti. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki talið, að erfðaskráin hafi fallið úr gildi í heild eða að hluta, þegar ættleiðingin fór fram.

Erfðaskráin frá 25. maí 1923 er sameiginleg og gagnkvæm erfðaskrá hjónanna. Samkvæmt henni skyldi það hjónanna, er lengur lifði, erfa allar eigur þess, sem fyrr andaðist, en eftir lát þess, sem lengur lifði, skyldu eignirnar renna til þeirra fimm nafngreindu aðilja, sem áður getur. Þegar Sveinn M. Hjartarson andaðist hinn 8. nóvember 1944, tók ekkjan Steinunn við öllum arfi eftir hann, eins og hún hafði rétt til eftir erfðaskránni. Árið 1945 fékk hún leyfi skiptaráðanda til að sitja í óskiptu búi með kjördóttur sinni, Steinunni Sveinsdóttur, sem þá var ekki enn orðinn skylduerfingi hennar að lögum. En ekki raskar sú ráðstöfun hennar réttarstöðu annarra bréferfingja, með því að hún var bundin af erfðaákvörðunum Sveins M. Hjartarsonar, að minnsta kosti að því er tók til hans búshelmings.

Samkvæmt 18. og 20. gr. erfðalaga nr. 42/1949, sem gengu í gildi 1. júlí það ár, urðu kjörbörn skylduerfingjar kjörforeldra að $\frac{3}{4}$ hlutum arfs eftir þau. Rís þá spurning um, hvaða áhrif greind fyrirmæli erfðalaganna hafi haft á ákvæði erfðaskrárinnar. Það er ljóst, að við gildistöku erfðalaganna 1949 varð Steinunn Sveinsdóttir skylduerfingi kjörmóður sinnar, Steinunnar Sigurðardóttur. Á hún því samkvæmt hinum tilfærðu ákvæðum laganna rétt til $\frac{3}{4}$ hluta af búshelmingi kjörmóður sinnar. Telja má að visu, að arfur eftir Svein M. Hjartarson, að því er varðar aðra bréferfingja hans en eiginkonuna, hafi ekki fallið fyrr en við andlát Steinunnar Sigurðardóttur hinn 13. ágúst 1961, en

þar sem svo segir í 2. málsgr. 34. gr. laga nr. 42/1949, að hafi arfleiddandi andazt fyrir gildistöku laganna, skuli eldri lagaákvæði halda gildi um erfð eftir hann, þá er fyrir það girt, að Steinunn Sveinsdóttir hafi orðið skylduerfingi að búshelmingi hans. Um rétt hennar til arfs, að því er tekur til búshelmings Sveins og $\frac{1}{4}$ hluta af búshelmingi Steinunnar kjörmóður hennar, fer samkvæmt framansögðu eftir ákvæðum erfðaskrárinnar.

Með 2. og 20. gr. laga nr. 42/1949 var óskilgetnum börnum, fæddum fyrir 27. október 1922, veittur erfðaréttur eftir föður, og þau gerð að skylduerfingjum hans. Reisir gagnáfrýjandi, Skúli, aðalkröfu sína á því, að hann hafi við gildistöku nefndra laga orðið skylduerfingi föður síns, þar sem arfur eftir hann hafi ekki fallið fyrr en við andlát Steinunnar Sigurðardóttur. Með skírskotun til áðurgreindra ákvæða 2. málsgr. 34. gr. laga nr. 42/1949 er ekki unnt að fallast á kröfu þessa.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu sú, að teknar verða til greina varakröfur aðaláfrýjanda og þrautavarakröfur gagnáfrýjanda, en kröfur þessar eru sama efnis. Skal búshelmingi Sveins M. Hjartarsonar og $\frac{1}{4}$ hluta af búshelmingi Steinunnar Sigurðardóttur skipt í fimm jafna hluti milli erfingjanna Steinunnar Sveinsdóttur, Skúla Sveinssonar, Ágústu Ágústsdóttur, Guðmundar Ágústssonar og Péturs Snælands, en $\frac{3}{4}$ hlutar af búshelmingi Steinunnar Sigurðardóttur renni til Steinunnar Sveinsdóttur einnar.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Búshelmingi Sveins M. Hjartarsonar og $\frac{1}{4}$ hluta af búshelmingi Steinunnar Sigurðardóttur skal skipt í fimm jafna hluti milli erfingjanna Steinunnar Sveinsdóttur, Skúla Sveinssonar, Ágústu Ágústsdóttur, Guðmundar Ágústssonar og Péturs Snælands, en $\frac{3}{4}$ hlutar

af búshelmingi Steinunnar Sigurðardóttur renni til Steinunnar Sveinsdóttur einnar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Lárusar Jóhannessonar hæstaréttardómara.

Um réttarkröfur og aðstöðu þeirra málsaðilja, sem ekki hafa mætt í Hæstarétti, vísast til atkvæðis meiri hluta dómenda.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða skiptaréttarúrskurði, gengu hjónin Sveinn M. Hjartarson bakarameistari, f. 16. apríl 1885, og kona hans, Steinunn Sigurðardóttir, f. 20. marz 1887, í hjónaband árið 1906. (Hjónavígsluleyfisbréf þeirra er út gefið 15. ágúst 1906).

Eftir því sem upplýst er í málinu, var Steinunn þá barnlaus, en Sveinn hafði eignast son utan hjónabands 28. nóvember 1905. Er það gagnáfrýjandi máls þessa, Skúli Sveinsson lögregluþjónn. Ekki er upplýst í máli þessu, að Sveinn hafi skilgert þennan son sinn eða veitt honum önnur réttindi en þau, sem leiða af sameiginlegri arfleðsluskra hjónanna frá 25. maí 1923, sem síðar getur.

Hjónin Sveinn og Steinunn eignuðust ekki saman lifandi afkvæmi.

Aðaláfrýjandi, sem er systurdóttir Steinunnar Sigurðardóttur, er fædd 1. febrúar 1911. Hún var tekin til fósturs af hjónunum Sveini og Steinunni, þegar hún var á 2. ári og var á vegum þeirra upp frá því.

Gagnáfrýjandi, Skúli Sveinsson, segist „hafa hafzt að meira og minna leyti við á heimili Steinunnar og Sveins frá 3ja ára aldri, en ekki alveg flutzt þangað fyrr en hann var um tvítugt“.

Guðmundur Ágústsson og Ágústa Ágústsdóttir, sem eru systkini aðaláfrýjanda Steinunnar, voru tekin til fósturs á heimili Sveins og Steinunnar, er móðir þeirra hafði látizt úr inflúenzunni 1918, og sama er að segja um Pétur Snæland, sem einnig var systursonur Steinunnar Sigurðardóttur.

Í arfleiðsluskránni frá 25. maí 1923 eru þau Steinunn, Ágústa, Guðmundur og Pétur talin fósturbörn hjónanna, en Skúli Sveinsson ekki.

Hinn 25. maí 1923 gerðu hjónin Sveinn Hjartarson og Steinunn Sigurðardóttir arfleiðsluskrá þá, sem tekin er orðrétt upp í hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð og vísað hefur verið til hér að framan.

Hinn 18. apríl 1925 er aftur á móti gefið út svohljóðandi leyfi „til að ættleiða stúlkuna Steinunni Ágústsdóttur“.

„Vér Christian hinn tíundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Að þar sem hjónin Sveinn M. Hjartarson, bakarameistari í Reykjavík, og kona hans, Steinunn Sigurðardóttir, hafa þegnlega borið upp fyrir Oss, að það sé ósk þeirra, að systurdóttir konunnar og fósturdóttir þeirra, Steinunn Ágústsdóttir, dóttir hjónanna Ingigerðar Sigurðardóttur og Ágústs Guðmundssonar, f. á Ísafirði 1. febrúar 1911, megi skoðast sem þeirra eigið barn, viljum Vér samkvæmt þegnlegri umsókn og beiðni allramildilegast leyfa, að téð stúlkubarn megi í einu sem öllu skoðast sem skilgetin dóttir nefndra hjóna, Sveins M. Hjartarsonar og Steinunnar Sigurðardóttur, að hún taki nafn Sveins Hjartarsonar fyrir föðurnafn og nefnist Steinunn Sveinsdóttir, að hún taki arf eftir þau hjón, sem væri hún skilgetin dóttir þeirra, þó þannig, að þetta Vort allrahæsta leyfisbréf sé eigi því til fyrirstöðu, að ættleiðendur ráðstafi eignum sínum með arfleiðsluskrá, eins og þeim sýnist, né því, að það hjónanna, sem lengur lifir, sitji í óskiptu búi eftir hitt.

Eins og þetta Vort allrahæsta leyfisbréf eigi veitir ættleiðingnum erfðarétt eftir ættmenni ættleiðenda, þannig missir og eigi ættleiðingurinn erfðarétt eftir ættmenni sín.

Um ættleiðinguna ber ættleiðendum að láta rita athugasemd í hlutaðeigandi kirkjubók . . .“

Ekki hefur beiðni hjónanna Sveins og Steinunnar um ættleiðinguna fundizt í skjölum Dómsmálaráðuneytisins eftir því sem ráðuneytið skýrir frá í bréfum til lögmanns aðaláfrýjanda, dags. 23. okt. 1962, en „jafnframt tekur ráðuneytið fram, að í öllum ættleiðingarleyfisbréfum frá þeim

tíma er það ákvæði, að ættleiðendum sé heimilt þrátt fyrir ættleiðinguna að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá, eins og ættleiðingin hefði ekki átt sér stað, án tillits til þess hvort þess væri óskað í beiðninni.“

Með þessum ættleiðingargerningi var gerbreytt réttarstöðu hjónanna Sveins og Steinunnar hvors til annars og aðstöðu barnanna bæði gagnvart þeim og innbyrðis, þar sem einu barnanna er veitt sérstaða fram yfir hin með því að ættleiða það og veita því aðstöðu lögerfingja.

Að vísu var opin leið fyrir ættleiðendurnar til þess að breyta þessu aftur með erfðaskrárákvæði, en þá leið hafa þau ekki notfært sér.

Sveinn M. Hjartarson andaðist 8. nóvember 1944, og verður það að teljast í samræmi við það, sem að framan er ritað, að 8. janúar 1945 óskar frú Steinunn leyfis til setu í óskiptu húsi eftir hann „með kjördóttur okkar, Steinunni Sveinsdóttur, en við hjónin áttum engin börn saman“, en ekki að yfirtaka húsið sem einkaerfingi samkvæmt arfleiðsluskránni. Með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík 11. janúar 1945 var henni veitt „leyfi til setu í óskiptu húsi eftir mann yðar, Svein M. Hjartarson bakameistara, sem andaðist 8. nóvember síðastliðinn, með kjördóttur yðar, Steinunni Sveinsdóttur, sem með áritun sinni á beiðnina hefur samþykkt þessa ráðstöfun“.

Telja verður, að erfðafall eftir Svein sál. Hjartarson eigi að miðast við andlát hans 8. nóv. 1944 og hafi Steinunn Sveinsdóttir þá verið orðinn erfingi hans sem skilgetið barn væri, þar eð hann gerði engar gagnstæðar ráðstafanir í þeim efnum, eftir að ættleiðingarbréfið var gefið út. Erfðaréttur eftirlifandi ekkju hans, Steinunnar Sigurðardóttur, eftir hann fellur niður vegna þess, að félagsbúi þeirra var ekki skipt, fyrr en að henni látinni, sbr. 69. gr. laga nr. 20/1923. Af þessum ástæðum kemur gagnáfrýjandi, Skúli Sveinsson, ekki til greina sem lögerfingi eftir föður sinn.

Spurningin um það, hvort erfðaskráin frá 25. maí 1923 skuli gild, að því er tekur til $\frac{1}{4}$ hluta af skuldlausum eignum hjónanna Sveins og Steinunnar, kemur ekki til sér-

stakrar athugunar, þar sem þeir málsaðiljar, sem ágreining hafa vakið, eru sammála um, að svo skuli vera, og það er til hags fyrir hina stefndu bréferfingja.

Niðurstaða mín í máli þessu verður því sú, að fella beri hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð úr gildi og ákveða, að Steinunn Sveinsdóttir skuli teljast lögerfingi að $\frac{3}{4}$ hlutum af skuldlausum eignum dánar- og félagsbús hjónanna Sveins M. Hjartarsonar og Steinunnar Sigurðardóttur, en $\frac{1}{4}$ hluti skuldlausra eigna búsins skuli skiptast jafnt á milli bréferfingjanna Steinunnar Sveinsdóttur, Skúla Sveinssonar, Guðmundar Ágústssonar, Ágústu Ágústsdóttur og Péturs Snælands.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð mitt er því svohljóðandi:

Hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður er úr gildi felldur.

Dánar- og félagsbúi hjónanna Sveins M. Hjartarsonar og Steinunnar Sigurðardóttur skal skipt þannig, að aðaláfrýjandi, Steinunn Sveinsdóttir, skal teljast erfingi að $\frac{3}{4}$ hlutum af skuldlausum eignum búsins, en $\frac{1}{4}$ hluti þeirra skiptast að jöfnu á milli bréferfingjanna Steinunnar Sveinsdóttur, Skúla Sveinssonar, Guðmundar Ágústssonar, Ágústu Ágústsdóttur og Péturs Snælands. }

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 21. nóvember 1962.

Af hálfu sóknaraðilja máls þessa, Skúla Sveinssonar lögregluvarðstjóra, Flókagötu 67, hefur þess verið krafizt *aðallega* a) að við skipti á dánar- og félagsbúi hjónanna Sveins Hjartarsonar og Steinunnar Sigurðardóttur verði viðurkenndur lögerfðaréttur hans eftir föður hans, Svein Hjartarson, þannig að $\frac{3}{4}$ hlutar af búshelmingi Sveins komi til skipta að jöfnu milli hans og varnaraðilja, Steinunnar Sveinsdóttur, og að metin verði gild arfleiðsluskrá Sveins Hjartarsonar og Steinunnar Sigurðardóttur, gerð hinn 25. maí 1923, að því er varðar ráðstöfun á $\frac{1}{4}$ hluta af búshelmingi Sveins, og b) að við skipti á búshelmingi Steinunnar Sigurðardóttur verði nefnd arfleiðsluskrá gild metin, að því er varðar ráðstöfun á $\frac{1}{4}$ hluta þess búshelmings. Til

vara eru þær réttarkröfur gerðar, að a) framanskráð arfleiðsluskrá verði metin fullgild ráðstöfun Sveins Hjartarsonar á hans búshelmingi og b) að arfleiðsluskráin verði tekin gild, að því er snertir ráðstöfun á ¼ hluta búshelmingis Steinunnar og sóknaraðili taki arf samkvæmt henni.

Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðili verði úrskurðuð til að greiða sér málskostnað.

Varnaraðili, Steinunn Sveinsdóttir, Bræðraborgarstíg 1, hefur krafizt þess, að hún ein verði viðurkennd lögerfingi hjónanna Steinunnar Sigurðardóttur og Sveins Hjartarsonar og arfleiðsluskrá þeirra verði aðeins talin gild, að því er taki til ¼ hluta eigna þeirra, sem þá verði skipt í 5 staði, svo sem efni skrárinnar segir til. Hún krefst þess, að sóknaraðilja verði gert að greiða sér málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram hinn 30. október s.l.

Þau Sveinn Hjartarson bakarameistari, fæddur 16. apríl 1885, og Steinunn Sigurðardóttir, fædd 20. marz 1887, munu hafa gengið að eigast á árinu 1906. Sjá hér rskj. 6 og 7 svo og rskj. 8 í þessu máli.

Það liggur fyrir í málinu, að þessum hjónum fæddist ekki afkvæmi. En Sveinn Hjartarson hafði eignazt son utan hjónabands, Skúla, sem nú er sóknaraðili máls þessa og er fæddur 28. nóvember 1905. Hann mun hafa dvalizt á heimili Sveins við og við frá 3 ára aldri, en ekki flutzt þangað alfarið fyrir en um tvítugsaldur.

Hinn 25. maí 1923 gera þau Steinunn Sigurðardóttir og Sveinn Hjartarson arfleiðsluskrá. Hefur skrá þessi verið lögð fram í skiptaréttarmáli þessu sem rskj. nr. 4 og er í heild á þessa leið:

„Við undirrituð hjón, jeg Sveinn Hjartarson bakarameistari og jeg Steinunn Sigurðardóttir, til heimilis á Bræðraborgarstíg 1, sem ekki eigum neina arfgenga lífserfingja á lífi, gerum hjermeð svohljóðandi arfleiðsluskrá:

1. gr. — Hvort okkar, sem lifir hitt, skal erfa það, er fyrr andast, að öllum eftirlátnum eignum þess, föstum og lausum, hverju nafni sem nefnast.

2. gr. — Ef okkur skyldi verða lífserfingja auðið saman, skal þó fara um erfðir eftir okkur eftir almennum fyrirmælum laga. Sama er ef hjúskap okkar skyldi verða slitið í lifanda lífi okkar beggja eða við skilnað að borði og sæng.

3. gr. — Eftir lát þess okkar, er lengur lifir, skal búinu skipt,

eins og það þá er, án þess að til greina sé tekinn vöxtur þess eða þurrður eftir lát þess, er fyrr andaðist, í 5 parta jafna milli Skúla Sveinssonar (óskilgetins sonar míns, Sveins Hjartarsonar) og fósturbarna okkar 4, þeirra Steinunnar Einarsdóttur, Ágústu Einarsdóttur, Guðmundar Einarssonar og Pjeturs Snælands. Ef eitthvað af erfingjum þessum andast á undan því okkar, sem síðar deyr, gengur partur þess eða þeirra til hinna eftirlifandi erfingja samkvæmt þessari arfleiðsluskrá.

4. gr. — Nú kvongast eða giftist það okkar, er lengur lifir, eftir lát hins, og skal búshelmingi hins látna þá skipt, eins og segir í 3. gr., áður en sá ráðahagur tekst. Af búshelmingi þessum hefur þó það, sem eftir lifir, heimild til að taka erfðahluta lögum samkvæmt.

5. gr. — Ef Margrjet Magnúsdóttir, móðir mín, Steinunnar Sigurðardóttur, og tengdamóðir mín, Sveins Hjartarsonar, lifir okkur bæði, er erfingjum þeim, sem nefndir eru í 3. gr., skylt að annast hana og veita henni sómasamlegt framfæri, meðan hún lifir, og er það skilyrði fyrir arftökunni.

6. gr. — Ef foreldrar mínir, Sveins Hjartarsonar, þau Hjörtur Jónsson og Margrét Sveinsdóttir, að okkur hjónum látnum, skyldu, að áliti skiptaráðandans hjer í bænum, annað hvort eða bæði, þurfa hjálpar, er erfingjum þeim, sem nefndir eru í 3. gr., skylt að láta þau eða það þeirra, sem þá kann að lifa, fá eftir mati skiptaráðanda allt að 500 kr. á ári til upphalds sjer.

7. gr. — Ekki má það, er lengur lifir, ráðstafa með arfleiðsluskrá eða dánargjafagjörningi eignum sínum, er það fær samkvæmt arfleiðsluskrá þessari þannig, að það komi að nokkru leyti í bága við rjettindi erfingjanna, sem nefndir eru í 3. gr.

8. gr. — Arfleiðsluskrá þessari getur hvorugt okkar rift án samþykkis hins. Þó getur það okkar, sem lengur lifir, breytt henni, að því er snertir þann helming eignanna, sem til kunna að vera við lát þess og því tilheyrir.

9. gr. — Af arfleiðsluskrá þessari eru gerð 2 samrit og eru bæði jafngild.

10. gr. — Undir arfleiðsluskrá þessa ritum við nöfn okkar með fullu ráði og frjálsum vilja í viðurvist notarii publici.

Reykjavík, 25. maí 1923.

Sveinn M. Hjartarson. Steinunn Sigurðardóttir.

Að þetta sé rétt eftirrit af frumriti, sem samtímis er undirritað í viðurvist minni, vottast notarialiter.

Notarius publicus í Reykjavík, 25. maí 1923.

Lárus Jóhannesson ftr.

Bæjarfógetinn í Reykjavík.

Gjald: kr. 1,00

Stimpill: — 0,50

Samtals kr. 1,50 —
ein króna og fimmtíu —
Greitt. L. Jóh.“

Hér vísast einnig til endurrits af notarialbók Reykjavíkur þessari arfleiðsluskrá viðvíkjandi, sjá rskj. nr. 14. — Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að Margrét Magnúsdóttir, sem um getur í 5. grein arfleiðsluskrárinnar, andaðist á árinu 1939, en þau Hjörtur og Margrét Sveinsdóttir, sem nefnd eru í 6. grein, önduðust bæði á árinu 1940.

Hinn 18. apríl 1925 er gefið út leyfisbréf handa þessum hjónum, Sveini M. Hjartarsyni og Steinunni Sigurðardóttur, til þess að ættleiða Steinunni Ágústsdóttur, fædda 1. febrúar 1911, en hennar er getið sem fósturdóttur í arfleiðsluskránni á rskj. 4 og hún þar rituð Steinunn Einarsdóttir, en nafn föður hennar var Einar Ágúst Guðmundsson. Í leyfisbréfinu segir, að leyft sé, að Steinunn Ágústsdóttir „megi í einu sem öllu skoðast sem skilgetin dóttir nefndra hjóna, Sveins M. Hjartarsonar og Steinunnar Sigurðardóttur, að hún taki nafn Sveins Hjartarsonar fyrir föðurnafn og nefnist Steinunn Sveinsdóttir, að hún taki arf eftir þau hjón, sem væri hún skilgetin dóttir þeirra, þó þannig að þetta Vort allrahæsta leyfisbrjef sje eigi því til fyrirstöðu, að ættleiðendur ráðstafi eignum sínum með arfleiðsluskrá, eins og þeim sýnist, nje því, að það hjónanna, er lengur lifir, sitji í óskiptu búi eftir hitt.“ Leyfisbréf þetta hefur verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 5.

Hér skal þess getið, að umboðsmaður varnaraðilja máls þessa mun hafa óskað þess við dómsmálaráðuneytið, að honum yrði látið í té endurrit af beiðni þeirra hjóna Sveins og Steinunnar um ættleiðingu. Viðvíkjandi þessu hefur ráðuneytið vottað á bréfi, dags. 23. okt. s.l., að umrædd beiðni finnist ekki að svo stöddu í vörzlum ráðuneytisins. Jafnframt er því lýst yfir, að í öllum ættleiðingarleyfisbréfum frá þessum tíma sé ákvæði um, að ættleiðanda sé heimilt þrátt fyrir ættleiðinguna að ráðstafa eignum sínum með arfleiðsluskrá, eins og ættleiðingin

hefði ekki átt sér stað, án tillits til þess, hvort þess væri óskað í beiðninni.

Sveinn Hjartarson andaðist hinn 8. nóvember 1944. Ekkja hans, Steinunn Sigurðardóttir, ritar borgarfógetanum í Reykjavík hinn 8. janúar 1945, og biður leyfis til setu í óskiptu búi eftir hann. Bréf hennar hefur verið lagt fram í málinu sem rskj. 9, og er á þessa leið:

„Reykjavík, 8. jan. 1945.

Ég undirrituð bið hér með um leyfi til þess að fá að sitja í óskiptu búi eftir mann minn, Svein M. Hjartarson bakarameistara, sem andaðist 8. nóv. 1944, með kjördóttur okkar, Steinunni Sveinsdóttur, en við hjónin áttum engin börn saman.

Virðingarfullt,

Steinunn Sigurðardóttir (sign)

Bræðrab.st. 1.

Samþykkt ofanrituðu:

Steinunn Sveinsdóttir (sign)

Bræðraborgarstíg 1.

Borgarfógetinn í Reykjavík.“

Þessu bréfi svarar borgarfógeti hinn 11. janúar 1945, þannig:

„Reykjavík, 11. janúar 1945.

Samkvæmt skriflegri beiðni yðar í bréfi, dags. 8. þ. m., veitist yður hér með leyfi til setu í óskiptu búi eftir mann yðar, Svein M. Hjartarson bakarameistara, sem andaðist 8. nóvember síðastliðinn, með kjördóttur yðar, Steinunni Sveinsdóttur, sem með áritun sinni á beiðnina hefir samþykkt þessa ráðstöfun.

Kr. Kristjánsson (sign)

L. S.

Frú Steinunn Sigurðardóttir, Bræðraborgarstíg 1.“

Hinn 13. ágúst 1961 lézt Steinunn Sigurðardóttir. Uppskrift á eignum búans fór fram hinn 28. maí 1962, sjá rskj. nr. 13. Um leið var ákveðið, að bú þetta skyldi tekið til opinberra skipta.

Á skiptafundi í búi þessu hinn 19. júní s.l. lýsti Þorvaldur Lúðvíksson hrl. því yfir f. h. Skúla Sveinssonar, að hann gerði kröfur til arfs úr búinu, *aðallega* sem lögerfingi Sveins, og *til vara* samkvæmt arfleiðsluskrá hinna látnu frá 25. maí 1923. Ólafur Þorgrímsson hrl. var mættur á skiptafundinum f. h. Steinunnar Sveinsdóttur og lýsti því yfir, að hann mótmælti aðalkröfu Skúla Sveinssonar, en geti eftir atvikum samþykkt gildi arfleiðsluskrárinnar frá 25. maí 1923, þó aðeins að samkomulag næðist um skipti á þeim grundvelli. Á skiptafundi hinn 25. júní

var mætt af hálfu ofangreindra aðilja , og voru umboðsmenn þeirra sammála um, að ekki gæti orðið samkomulag um skipti á eignum búans, þar sem ágreiningur væri milli kjördótturinnar Steinunnar og Skúla Sveinssonar, óskilgetins sonar Sveins Hjartarsonar. Þá var ákveðið, að mál út af þessu atriði yrði flutt sérstaklega fyrir skiptaréttinum. Er það mál hér til úrskurðar.

Verður hér gerð grein fyrir öðrum gögnum málsins, áður en farið verður út í rökstuðning aðiljanna fyrir framkomnum réttarkröfum.

Í máli þessu liggur fyrir bókuð yfirlýsing fósturbarna Steinunnar Sigurðardóttur og Sveins Hjartarsonar, þeirra Guðmundar Ágústssonar, Péturs Snælands og Ágústu Ágústsdóttur, að þau muni ekki láta skiptaréttarmál þetta til sín taka. Þau hafa öll mætt í máli þessu, og hafa framburðir þeirra verið teknir gildir sem staðfestir.

Pétur Snæland, Túngötu 38, skýrir svo frá, að hann hafi aldrei heyrt minnst á arfleiðsluskrá fósturforeldra sinna fyrr en eftir lát Sveins. Þá hafi Steinunn minnst á arfleiðsluskrá, en hann segist ekki muna, hvenær né af hvaða tilefni og aldrei hafi hann séð skrá þessa.

Guðmundur Ágústsson, Vesturgötu 46, segir, að sér sé ekki kunnugt, að þau fósturforeldrar hans hafi gert arfleiðsluskrá eftir að varnaraðili máls þessa var ættleidd, en hann kveðst hafa vitað um að arfleiðsluskrá lægi fyrir og hafi Steinunn Sigurðardóttir látið að því liggja, t. d. er Pétur Snæland fékk lóð við Vesturgötu, en þá hafi hún sagt við mann sinn, að Pétur hefði fengið sitt eða allt að því. Guðmundur segist aldrei hafa heyrt fósturforeldra sína minnst á það, að varnaraðili máls þessa ætti að vera neitt réttærri en fósturbörnin. Hann segist hafa heyrt, að Steinunn hafi færzt undan að selja sumarbústað, er hún átti, þar eð slíkt færi í bág við arfleiðsluna samkvæmt skránni.

Fósturdóttir þeirra Sveins og Steinunnar, Ágústa Ágústsdóttir, Grenimel 1, segir, að sér hafi fundizt, að Steinunn hafi ætlazt til þess að varnaraðili nyti ættleiðingarinnar, en Ágústa segist nú ekki geta sagt til um það, á hverju hún byggji eða hafi byggt þessa skoðun.

Maður Ágústu, Ástmundur Guðmundsson, tekur mjög í sama streng að þessu leyti og hann segir, að kona sín hafi sagt, að hún hefði á tilfinningunni, að Steinunn Sveinsdóttir hefði alltaf

haft sérstöðu meðal fósturbarnanna. Eftir að hún flutti með manni sínum í húsið Bræðraborgarstíg 1, hafi þær nöfnur haft sameiginlegt húshald að Sveini Hjartarsyni látnum. Steinunn Sigurðardóttir hafi þá vikið úr íbúð sinni fyrir þeim hjónum og gefið þeim veðleyfi í húsinu, og er eitt sinn kom til tals, að þau flyttu á brott úr húsinu, hafi Steinunn gert allt sem hún mátti til þess að koma í veg fyrir það. Ástmundur segist halda, að Steinunn hafi verið ættleidd í tilefni af fermingu hennar.

Þá segir Ástmundur, að Steinunn Sigurðardóttir hafi alltaf geymt erfðaskrána og ættleiðingarbréfið í sama umslagi, og segir hann að sér hafi fundizt hún líta á þessi 2 skjöl sem helga dóma, sem í engu mátti frá breyta, og að þau geymdu síðasta sameiginlegan vilja hennar og Sveins. Þessa viðhorfs hafi mjög gætt hjá Steinunni í sambandi við ýmiss konar ráðstafanir, sem gera þurfti.

Ástmundur getur þess, að bráðlega eftir dauða Sveins hafi Steinunn sýnt sér bæði þessi skjöl, en hann kveðst ekki muna af hvaða tilefni. En nú hafi svo til borið, annað hvort á árinu 1955 eða 1956, að dóttir Steinunnar Sveinsdóttur hafi gengið að eiga mann einn, sem var við iðnnám hér í bæ. Steinunn Sigurðardóttir hafi haft dálæti á þessum manni, hafi hún t. d. fengið þeim húsnæði um tíma og hlúð að þeim á ýmsan hátt, en hagar þeirra hafi verið erfiður. Ástmundur kveðst nú hafa örvað Steinunni til að hjálpa þessum hjónum áleiðis að verulegu gagni, enda væri hún búin að gera vel við fósturbörn sín, og hafi Steinunn þá beðið hann að fara með áminnt 2 skjöl, arfleiðsluskána og ættleiðingarleyfið, á fund borgarfégeta til þess að afla álits hans um það, hve mikla ráðstöfunarheimild hún hefði yfir eignum sínum. Þar hafi hann fengið að vita, hve miklu ekkja, sem situr í óskiptu búi, almennt mætti ráðstafa, en að öðru leyti hafi honum verið bent á að leita til málfærslumanns um þetta atriði allt. Segist Ástmundur hafa farið eftir þessu, en síðan hætt að skipta sér af þessu málefni.

Sóknaraðili gerir eftirfarandi grein fyrir réttarkröfum sínum:

Fyrst og fremst bendir hann á, að í 1. grein þeirrar sameiginlegu og gagnkvæmu arfleiðsluskrár, er þau Steinunn Sigurðardóttir og Sveinn Hjartarson gerðu hinn 25. maí 1923, sé þess getið, að þau eigi ekki arfgenga lífserfingja á lífi, en þágildandi landslög hafi staðið til þess, að óskilgetið barn hafi því aðeins erft föður sinn, að það væri í heiminn borið eftir 1. nóvember 1922. Þessum hjónum hafi því verið frjálst að ráð-

stafa eignum sínum að vild með arfleiðsluskrá á þessum tíma. Nú hafi þau á árinu 1925 ættleitt eitt fósturbarna sinna, Steinunni, varnaraðilja máls þessa, með leyfi yfirvalda, og í leyfisbréfinu standi, að Steinunn taki arf eftir þau sem skilgetin dóttir þeirra, en þeim hjónum þó áskilinn allur réttur til að ráðstafa eignum sínum að vild þrátt fyrir ættleiðinguna með arfleiðsluskrá. Þannig sé það vel ljóst, að ættleiðingin raski í engu atriði þeirri arfleiðsluskrá, sem þau höfðu þá nýverið gert. Þessi arfleiðsluskrá sé að auki í löglegu formi og notarialiter staðfest. Hún hafi heldur ekki verið afturkölluð eða henni breytt og síður en svo liggi neitt fyrir, sem bendi til vilja til breytinga eða afturköllunar. Þvert á móti hafi skráin verið mjög vandlega geymd ásamt ættleiðingarbréfinu, og það út af fyrir sig sýni, að hjónin og Steinunn sjálf að Sveini látnum hafi ætlazt til þess og lagt á það áherzlu, að eftir henni skyldi fara.

Þannig hafi sú arfleiðsla, sem stofnað hafi verið til hinn 25. maí 1923, verið í fullu gildi, er dauða Sveins bar að höndum hinn 8. nóvember 1944. Þá hafi erfðatilskipunin frá 1850 enn verið í gildi, en samkvæmt henni hafi aðiljar máls þessa ekki verið skylduerfingjar, heldur aðeins erfðaskrárerfingjar. Nú hafi þessi arfleiðsluskrá verið sameiginleg og gagnkvæm og þar af leiðandi hafi ekki mátt skipta dánarbúi Sveins að svo komnu máli, sem sé: arfur eftir Svein Hjartarson hafi ekki fallið fyrr en að Steinunni konu hans látinni, en dánardægur hennar var 13. ágúst 1961. Þá hafi lög nr. 42 frá 1949 verið komin í gildi, og beri nú að skipta þessu dánarbúi samkvæmt þeim lögum. Samkvæmt 2. og 18. grein nefndra laga séu aðiljar máls þessa skylduerfingjar Sveins Hjartarsonar. En þess sé jafnframt að gæta, að sá, sem skylduerfingja eigi á lífi, megi ekki ráðstafa nema $\frac{1}{4}$ hluta eigna sinna með arfleiðsluskrá, og sé skráin því aðeins gild, að því er varðar $\frac{1}{4}$ hluta af búshelmingi hvors hjónanna um sig.

Ef svo yrði litið á, að um meðferð búshelmingis Sveins Hjartarsonar skyldu gilda lög þau, sem í gildi voru við andlát hans, og sóknaraðili þannig ekki haft lögerfðarétt, þá hafi varnaraðili verið undanskilinn rétti skylduerfingja í ættleiðingarleyfinu. Í þessu falli yrði að líta svo á, að Sveinn Hjartarson hefði engan skylduerfingja átt, er hann féll frá, og hafi því haft algert frjálsræði til arfleiðslugernings. Þessi er rökstuðningur sóknaraðiljans fyrir varakröfu hans.

Í greinargerð sinni hafði varnaraðili Steinunn Sveinsdóttir

uppi bæði aðalkröfu og varakröfu. Var aðalkrafan á þá leið, að varnaraðili yrði viðurkenndur einkaerfingi hjónanna Sveins Hjartarsonar og Steinunnar Sigurðardóttur og að arfleiðsluskráin frá 25. maí 1923 yrði talin fallin úr gildi. Varakrafa var aftur á móti sú, sem nú er ein gerð af varnaraðilja hálfu, að hún verði ein talin lögerfingi þessara hjóna og arfleiðsluskráin aðeins talin gild, að því er taki til $\frac{1}{4}$ hluta eignanna, sem þannig verði skipt í 5 staði, eins og texti skrárinnar stendur til. Kröfugerð varnaraðilja er rökstudd á þessa leið:

Fyrst og fremst er vísað til 2. greinar umræddrar arfleiðsluskrár, en þar segir eins og að framan er getið, að eignist arfleiðendur lífserfingja, sem hér hljóti að merkja lögerfingja, þá skuli fara um arf eftir þau eftir almennum fyrirmælum laga. Nú hafi þau tæpum 2 árum eftir gerð skrárinnar ættleitt varnaraðilja, og hafi þá jafnframt verið ákveðið, að hún skyldi taka arf eftir kjörforeldrana sem skilgetin dóttir þeirra. Hér skipti engu máli, þótt í leyfisbréfinu sé að finna áskilnað um frjálstan arfleiðslurétt, þrátt fyrir ættleisluna, því þennan rétt hafi þau hjónin aldrei notað sér, og hér sé aðeins ákvæði, sem öll slík leyfisbréf hafi haft að geyma. Þau hafi heldur ekki haft minnstu ástæðu til að afturkalla arfleiðsluskrá þá, sem þau höfðu gert, því að 2. grein sömu skrár hafi gefið þeim fulla ástæðu til að treysta því, að ættleiðingin hefði með öllu fellt skrána úr gildi án nokkurs frekari tilverknaðar af þeirra hálfu.

Einnig sé á það að líta, að í ættleiðingunni felist svo eindreginn arfleiðsluvilji, að öldungis megi jafna til viljayfirlýsingar í arfleiðsluskrá. Þessi arfleiðsluvilji hafi komið fram síðar en arfleiðsluskráin sjálf, og beri því að fara eftir þessari yngri ráðstöfun, að því leyti sem hún gengur í berhögg við hina eldri. Hér verði ekki komizt fram hjá þeirri staðreynd, að hin látnu hjón hafi viljað setja varnaraðilja sem einkaeringja sinn, en jafnframt sé þess að gæta, að þeim hafi samkvæmt erfðatilskipuninni frá 1850 verið frjálst að ráðstafa $\frac{1}{4}$ hluta eignanna til annarra en lögerfingjans.

Enn vísar varnaraðili til þess, að erfðatilskipunin hafi verið í gildi, þá er Sveinn Hjartarson lézt á árinu 1944. Þar af leiði, að sóknaraðili, sem er óskilgetinn sonur Sveins, hafi engan lögerfðarétt átt eftir föður sinn. Hann hafi aðeins verið erfðaskrárerfingi að tiltölulegum hluta $\frac{1}{4}$ eignanna. Arfur eftir Svein Hjartarson hafi að sjálfsögðu fallið þegar við andlát hans, enda þótt búskipti hafi frestazt um sinn vegna búsetu ekkju hans.

Þar sem hér er um skipti á dánarbúi að ræða, verður ekki hjá því komizt að ákveða um erfðarétt aðilja svo sem telja má réttast, án tillits til kröfugerða aðiljanna.

Eins og fram er komið, hafa hin látnu hjón, Sveinn M. Hjartarson og Steinunn Sigurðardóttir, gert arfleiðsluskrá hinn 25. maí 1923 um eignir sínar að þeim báðum látnum. Ættleiðingarleifisbréfið, sem gefið er út hinn 18. apríl 1925, kveður svo á, að þau hafi þrátt fyrir ættleiðinguna fullan ráðstöfunarrétt yfir eignum búsinns eftir sinn dag. Það er komið fram í málinu, að umgetin skrá hafi verið geymd óbreytt, og verður því að telja, að það hafi verið vilji hjónanna, að hún gildi um eignir þeirra eftir þeirra dag þrátt fyrir ættleiðinguna, enda er að öðru leyti ekkert fram komið í málinu, sem til þess bendi, að ætlun þeirra hafi verið að gera breytingu á arfleiðsluskránni varnaraðilja í vil.

Sóknaraðili, Skúli Sveinsson, sem fæddur er 28. nóvember 1905, var óskilgetinn sonur Sveins M. Hjartarsonar, og var því ekki samkvæmt þágildandi lögum skylduerfingi föður síns, er hann féll frá, og ósannað er, að hann hafi verið skilgerður samkvæmt lögum nr. 46 frá 1921.

Það þykir ljóst af 34. grein laga nr. 42/1949, að eldri lagaákvæði gildi um erfðarétt eftir látinn mann, enda þótt eftirlifandi maki hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi.

Samkvæmt því, sem hér segir, verður búi þessu skipt þannig, að erfingjarnir Skúli Sveinsson, Steinunn Sveinsdóttir, Ágústa Ágústsdóttir, Guðmundur Ágústsson og Pétur Snæland fá hver um sig $\frac{1}{5}$ hluta af eignum búsinns.

Málskostnaður í skiptaréttarmáli þessu fellur niður.

Því úrskurðast:

Dánar- og félagsbúi hjónanna Sveins M. Hjartarsonar og Steinunnar Sigurðardóttur skal skipta þannig, að erfingjarnir Skúli Sveinsson, Steinunn Sveinsdóttir, Ágústa Ágústsdóttir, Guðmundur Ágústsson og Pétur Snæland fá hver um sig $\frac{1}{5}$ hluta af eignum búsinns.

Málskostnaður fellur niður.
